

## Ísfélag Grindavíkur hf

*Umsögn vegna: Framhald stuðningsaðgerða vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ*

Fyrir hönd Ísfélags Grindavíkur hf geri ég athugasemd að rekstrarstuðningur tengist fjölda starfsmanna.

Ísfélag Grindavíkur hf rekur ísstöð á hafnarbakkanum í Grindavík og sölutekjur eru vegna íssölu til skipa og fiskvinnslna í Grindavík. Vegna rekstrarstöðvunar þá hafa tekjur félagsins fallið nánast alveg niður frá því að bærinn var rýmdur 10. nóvember og engar tekjur hafa verið frá áramótum.

Hjá félaginu er enginn starfsmaður en rekstri stöðvarinnar er sinnt eftir verktaka samning. Ekki er hægt að segja þeim samningi upp því að mjög mikilvægt er að viðhalda stöðinni til að hún sé tilbúinn þegar á þarf að halda.

Ísfélag Grindavíkur hf er mikilvægur hlekkur í útgerð og vinnslu í Grindavík og nota flest öll fyrirtæki í þeim rekstri þjónustu þess. Án ísstöðvarinnar er ógerningur að halda þeim gæðum sem þarf í veiðum og vinnslu á svæðinu.

Fh. Ísfélags Grindavíkur hf

Heiðar Hrafn Eiríksson

Stjórnarformaður